


FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



4. tbl.

4. árg.

maí

1989

Ábm.: Einar Bogi Sigurðsson

Ferð til Nepal

Fimmtudaginn 25. maí n.k. munu þau Kristín Magnúsdóttir og Ólafur Einarsson segja frá ferð, sem þau fóru um Evrópu til Tyrklands, Sýrlands, Jórdaníu, Írans, Pakistans, Indlands og Nepal með Encounter Overland, sem er bresk ferðaskrifstofa. Ferðin var farin vorið 1988 og var spennandi og erfið en skemmtileg. Ferðasagan verður rakin í máli og myndum í Háskóla Íslands í stofu 101 í Odda og hefst kl. 20,00

Stjórn Landfræðifélagsins.

FRÁ AÐALFUNDI

Aðalfundur landfræðifélagsins var haldinn 24. apríl síðastlinn á Hótel Holiday Inn. Á fundinn mættu 10 manns og er þetta annað árið í röð sem svona fáir mæta. Fundarstjóri var kjörinn Tryggvi Jakobsson og fundarritari Ottar Ólafsson. Dagskrá fundarins var samkvæmt venju. Formaðurinn Einar Bogi Sigurðsson sagði frá starfsemi félagsins síðastliðið ár.

Farið var í tvær dagsferðir á starfsárinu. Sú fyrri var farin 11. júní. Þá var farið um Reykjanesfólkvang undir leiðsögn Guðrúnar Gísladóttur landfræðings og Páls Imsland jarðfræðings. Seinni ferðin var farin 13. nóvember s.l.. Þá var silgt umhverfis eyjarnar fyrir norðan Reykjavík og stansað í Viðey. Fararstjórar voru þrír, þeir Lýður Björnsson sagnfræðingur, Haukur Jóhannesson jarðfræðingur og Jóhann Guðjónsson líffræðingur. Rúmlega 40 manns mættu í ferð þessa í ágætis veðri.

Tveir fyrirlestur voru á starfsárinu. Sá þriðji átti að verða eftir aðalfundinn, en ekki varð af honum vegna verkfalls BHMR. Fyrri fyrirlesturinn var þann 8. desember s.l.. Þar hélt Sigríður Haraldsdóttir landfræðingur fyrirlestur sem nefndist ...þættir sem hafa áhrif á dreifingu alnæmis á Íslandi... unnin úr masters ritgerð hennar. 10 - 15 manns komu á fyrirlesturinn. Seinni fyrirlesturinn var haldinn 5. apríl s.l. þar sem þeir Páll Matthíasson og Zóphánias Oddur Jónsson sögðu frá ferð þeirra, sem tók hálf tveimur árum um Mið- og Suður Ameríku, í máli og myndum. 20 - 25 manns komu á fyrirlesturinn.

Fréttabréfið kom tvisvar út á síðasta starfsári. Það fyrra kom út nóvember og það seinna í mars s.l.

Önnur mál: Tryggvi Jakobsson fór til Brussel dagana 3-5 júní 1988, sem fulltrúi Landfræðifélagsins í boði Evrópusambands landfræðikennara (Eurogeo working group) á þing sambandins. Í framhaldi af því þingi sendi félagið efni í Eurogeo 4, sem sambandið gefur út.

Bókaklúbburinn Veröld fékk að nota félagaskrá Landfræðifélagsins þegar þeir boðuðu til fyrirlesturs sem Suðurheimskautafarinn Monica Kristensen hélt í Norræna húsinu 5. sept. s.l..

Einar Egilsson gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

Þá var komið að stjórnarkjöri. Stjórnin var endurkjörin nema Rannveig Ólafsdóttir var kjörin í stað Árna Stefánssonar, sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Endurskoðendur voru endurkjörmir. Guðrún Ólafsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Emil Bóasson, Sigríður Haraldsdóttir og Ásgeir Jónsson gáfu kost á sér í ritnefnd. Félagar eru hvattir til þess að láta í sér heyra og eru beðnir að hafa samband við ritnefndina eða stjórnarmenn ef þeir hafa eitthvert efni til birtingar.

Engar lagabreytingar komu fram, þannig að einugis var eftir að ákveða félagsgjöld. Þótti rétt að hækka þau í 500 krónur. Eftir almennar umræður um félagið og samstarf við önnur félög var fundi slitið.

Landfræðifélagið 10. starfsár 15. apríl 1988 til 25. apríl 1989.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

Félagsgjöld 108 x 400 9 x 350	46.350,00
Vextir af sparisj.b. IB-708799	6.281,77
- ávísanar. IB-7513	1.102,76
- gjaldeyrisr. ÚB-18033	449,09
Fargjald í fræðsluferð	<u>2.000,00</u>
	56.183,62
Gjöld umfram tekjur	<u>659,63</u>
	<u>56.843,25</u>

Gjöld:

Fjölritun á fréttabréfi	11.313,25
Sendingarkostn. á fréttabréfi	6.013,00
Kostnaður v/gíróseðla	4.780,00
- v/aðalfundar	4.956,00
- v/afmælisfundar	11.940,00
Ritföng o.fl.	2.376,00
Akstur	1.375,00
Auglýsingar	1.890,00
Kostnaður v/fræðsluferðar	<u>12.200,00</u>
	<u>56.843,25</u>

Efnahagsreikningur 25. apríl 1989

Eignir:

Innistæða á sparisj.b. IB-708799	67.156,26
- - ávísanar. IB-7513	1.958,87
- - gjaldeyrisr. ÚB-180033	1.765,20
Óseld sérrit	<u>2.900,00</u>
	<u>73.780,33</u>

Skuldir - eigið fé:

Höfuðstóll pr. 15. apríl 1988	74.439,96
- flutt af rekstursreikningi 10. starfsárs	<u>-659,62</u>
	<u>73.780,33</u>

Einar Egilsson gjaldkeri

Endurskoðað 25. apríl 1989

Bjarni Reynarsson

Stjórn Landfræðifélagsins.

Einar Bogi Sigurðsson, formaður, Hverafold 23, 112 Reykjavík
sími 685872 / v.s. 20700

Magnús Guðmundsson, varaformaður, Frostafold 36, 112 Reykjavík
sími 675216 / v.s. 681611

Einar Egilsson, gjaldkeri, Digranesvegi 56, 200 Kópavogi
sími 40763 / v.s. 15800

Tryggvi Jakobsson, ritari, Melhaga 11, 107 Reykjavík
sími 17304 / v.s. 28088

Fanney Gísladóttir, meðstjórnandi, Krosseyrarvegi 6, 220 Hafnarfirði
sími 50421 / v.s. 27110

Óttar Ólafsson, meðstjórnandi, Skaftahlíð 10, 105 Reykjavík
sími 18438

Rannveig Ólafsdóttir, meðstjórnandi, Otrateig 10 kj., 105 Reykjavík
sími 688475 / v.s. 27110

Efni til stjórnar / ritnefndar
Landfræðifélagið
BOX 1641
IS- 121 Reykjavík
ISLAND

Nordisk Samhällsgeografisk Tidskrift.

Nordisk Samhällsgeografisk Tidskrift er tímarit, sem samtök rötækra félagslandfræðinga á Norðurlöndum gefa út. Tímaritið kemur út tvisvar á ári og kom nú nýlega út 9. heftið. Útgáfan er styrkt af norrænum sjóði er styður félagsfærðirannsóknir ýmiskonar. Styrkurinn er bundin við fjölda áskrifenda, þ.e.a.s. ef ekki eru nægjanlega margir áskrifendur er hætta á að hann falli niður. Það hefur gengið bærillega að safna áskrifendum, en það er með þetta eins og svo margt annað að miðað við höfðatölu að þá vantar töluvert uppá að við Íslendingar kaupum á jafns við aðra. Eru félagsmenn kvattir til að gerast áskrifendur og þá ekki síður að koma sínum ritsmíðum á framfæri. Guðrún Ólafsdóttir lektor, er fulltrúi Íslands í ritnefndinni og veitir hún allar frekari upplýsingar (sími 694484). Við látum hér fylgja ljósrit af efnisyfirliti 9. tölublaðs ykkur til glöggvunar á því hverskonar fróðleik er hér að finna.

Nordisk Samhällsgeografisk Tidskrift

Nummer 9

Februari 1989

Innehåll

Knut Kjeldstadli: Industrien i Oslo fra 1840 til 1980-åra.	3
Jørgen Ole Bärenholdt: Livsformer og natursammenhænge i kritisk geografi	15
Sune Berger: Om plats, region och ytterligare några begrepp	26
Jesper Rasmussen & Anders Ærøpe: Afrikansk hyudvikling	35
Arne Isaksen: Elektronikkbedrifter og lokal industriutvikling	46
Bjørn T Asheim: Om den radikale samfunnsgeografis forståelse	56
Göran Hallin: Kommunerna på frammarsch ?	71
Margareta Dahlström: Lokal makt och ojämn utveckling	73
Nordiskt symposium för kritisk samhällsgeografi	75
Kartuppslaget: Hur det kan bli !	76